

- I. Til sjávarútvegsráðherra um haf- og fiskirannsóknir o. fl.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvaða skipakost er fyrirhugað að hafa á næsta ári til haf- og fiskirannsóknna, fiskileitar og veiðitilrauna?

- II. Til menntamálaráðherra um Listasafn Íslands.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvað líður framkvæmdum á þingsályktun frá 2. maí 1969 þess efnis, að sem fyrst verði teknar ákvarðanir um lóð handa Listasafni Íslands og hafinn undirbúningur að byggingum, jafnframt því sem ríkisstjórnin geri áætlanir og tillögur um nauðsynlega fjáröflun, til þess að framkvæmdir geti gengið sem greiðlegast?

- III. Til ríkisstjórnarinnar um vöruflutninga innanlands.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hvað hefur verið gert til þess að bæta aðstöðu Skipaútgerðar ríkisins til vöruafgreiðslu í Reykjavík?
2. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til þess að greiða fyrir hagkvæmum framflutningi innfluttrar vöru með strandferðaskipunum?
3. Eru nokkrar sérstakar ráðstafanir fyrirhugaðar til þess að stuðla að sem fyllstri nýtingu á flutningagetu nýju strandferðaskipanna, t. d. með samræmingu á hafnargjöldum og breytingu á farmgjöldum eða á annan hátt?

- IV. Til menntamálaráðherra um endurskoðun fræðslulaganna.

Frá Einari Ágústssyni, Ingvari Gíslasyni og Sigurvin Einarssyni.

Hvenær verða lagðar fyrir Alþingi niðurstöður nefndar þeirrar, er að undanförmu hefur starfað að endurskoðun fræðslulaganna?

- V. Til heilbrigðismálaráðherra um ráðstafanir vegna skorts á hjúkrunarfólki.

Frá Einari Ágústssyni.

Hvaða ráðstafanir hyggst heilbrigðismálaráðherra gera til þess að ráða bót á þeim skorti hjúkrunarfólks, sem nú veldur því, að nýjar, fullbúnar sjúkraeildir geta ekki tekið til starfa?

- VI. Til iðnaðarráðherra um aðstoð við Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins á Siglufirði (Siglóverksmiðjuna) vegna hráefniskaupa.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hver hafa verið viðbrögð iðnaðarráðuneytisins við áskorun starfsfólks Siglóverksmiðjunnar um, að verksmiðjunni verði veitt fyrirgreiðsla til þess að kaupa hráefni til vinnslu?

- VII. Til samgönguráðherra um endurskoðun og samræmingu gjaldskrár og gjaldsvæða Landssímans.

Frá Geir Gunnarssyni.

Hvað líður endurskoðun og samræmingu á gjaldskrár og gjaldsvæðum Landssímans, t. d. að því er varðar Suðurnes sem sérstakt gjaldsvæði og gjaldskrá fyrir símtöl milli Reykjavíkur og Brúarlandssvæðisins?